

Umhverfisstofnun
Áb. _____
27. jan. 2014
Tilv. _____

Hveragerðisbær
Aldís Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri
Sunnmörk 2
810 Hveragerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. janúar 2014
Tilvísun: UST20131200116/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðir, Fossaflöt


Vísað er til erindis bæjarstjóra Hveragerðisbæjar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005 - 2017.


Í Hveragerðisbæ er lystigarðurinn Fossaflöt staðsettur á árbökkum Varmár. Í greinargerð er fylgir erindinu kemur fram að Fossaflötin er vinsæll útivistarstaður íbúa bæjarins sem og ferðamanna.


Kaffi- og þjónustuhús

Tillaga er um að leyfa að reist verði kaffi- og þjónustuhús í lystigarðinum Fossaflöt. allt að 80 fermetra að stærð. Eins og fram kemur í greinargerð Varmá á svæði 751 á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að framkvæma nær ánni en 50 metrar til að skerða ekki verndargildi árinna. Einnig telur stofnunin mikilvægt að þess sé gætt að framkvæmdin eða staðsetning hennar rýri ekki með neinum hætti útivistargildi svæðisins. Einnig bendir stofnunin á að forðast skal allt óþarfa rask við framkvæmdir vegna kaffi- og þjónustuhúss.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við áætlunar um að reisa kaffi- og þjónustuhús á Fossaflöt.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur




Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun